

Tegundablöndun og útlitsbreytileiki íslenskra bjarkartegunda

Ægir Þór Þórsson,¹ Snæbjörn Pálsson,¹ Aðalsteinn Sigurgeirsson,²
Kesara Anamthawat-Jónsson¹

¹*Líffræðistofnun, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík*

²*Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá*
aethth@hi.is

Á Íslandi finnast tvær bjarkartegundir sem tilheyra ættkvíslinni *Betula*, tvílitna fjalldrapi og ferlitna birki. Gen aflæði hefur greinst milli tegundanna tveggja sem leitt hefur til aukins breytileika í útliti þeirra og þess að erfitt er að greina sumar bjarkarplöntur til tegunda. Erfðamengi bjarkartegunda eru hins vegar stöðug. Aðeins þrjár gerðir litnunar hafa verið greindar, þ.e. tvílitna og ferlitna plöntur auk þrílitna tegundablendinga. Við söfnuðum bjarkarplöntum í 14 íslenskum náttúruskóglendum. Litningafjöldi hvernar plöntu var greindur auk þess sem útlit var greint á tvennan hátt. Annars vegar voru útlitseinkenni metin til einkunna og hins vegar voru breytur í lögun laufblaða mældar. Í ljós kom að tegundablöndun í íslenskum náttúruskóglendum er talsvert há en 9,5% plantna greindust sem þrílitna tegundablendingar. Mikill útlitsbreytileiki greindist innan litnunarhópanna þriggja. Breytileiki þeirra skarast sem bendir til þess að gen aflæði verði bæði frá birki til fjalldrapa og frá fjalldrapa til birkis. Í flestum tilfellum var hægt að greina á milli fjalldrapa og birkis út frá útliti. Hins vegar var erfitt að greina blendinga eingöngu út frá útliti en aðeins um helming þeirra tókst að greina á þann hátt. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að töluverður munur er í útlitsbreytileika á milli skóglenda innan hvers litnunarhóps, þann breytileika má skýra að stórum hluta með mismunandi meðalhitastigi í júlí.